





Veirur valda krabbameini í leghálsi

Verður bólusetning
framtíðarlausn?



Leghálskrabbameinsleit

Með frumustroki frá leghálsi er unnt að finna þær konur sem eru í áhættu að fá leghálskrabbamein eða hafa sjúkdóminn á algeru byrjunarstigi (hulinstigi). Þessa uppgötvun gerði grískur læknir að nafni Papanicolaou fyrir meira en fimmtíu árum. Leitaraðferðin hefur síðan verið notuð í mörgum löndum til að greina sjúkdóminn á læknanlegu stigi. Leghálskrabbameinsleit hófst hér á landi 1964. Leit-in beinist nú að konum á aldrinum 20-69 ára, og eru þær boðaðar til skoðunar á tveggja ára fresti. Árangurinn er ótvíræður og hefur nýgengið lækkað um 67% og dánartíðnin um 76%.

Fjölgun forstigsbreytinga

Sannað er að sjúkdómurinn byrjar með vægum forstigsbreytingum sem þróast síðan í misalvarlegar forstigsbreytingar og að lokum í krabbamein. Hér á landi hefur nýgengi þessara forstigsbreytinga hækkað mikið frá árinu 1980, og þá aðallega meðal yngri kvenna. Leiddi þetta til þess að skoðunaraldur var lækkaður úr 25 árum í 20 ár árið 1988. Ástæður aukningarinnar má sennilega rekja til frjálsari kynlífshegðunar og minni notkunar verja við samfarir. Þetta kemur einnig fram í hækkandi tíðni klamydíusýkinga og kynfæravarta.

Kynlíf

Það hefur lengi verið vitað að leghálskrabbamein tengist á einhvern hátt kynlífshegðan. Margir áhættuþættir hafa verið nefndir, og hefur komið í ljós á síðari árum að þeir tengjast allir kynsmiti með veiru sem nefnd er HPV (human papilloma virus). Að smitast af þessari veiru veldur ekki krabbameini eitt og sér heldur koma aðrir þættir til, svo sem önnur kynsmit (t.d. klamydía), fjöldi rekkjunauta og reykingar.

HPV

Tíðni HPV-smits er mjög há meðal yngri kvenna eða allt að 40% en lækkar hratt eftir 30-35 ára aldur og nær vissu jafnvægi eftir 45 ára aldur eða um 5-7%. Þessi lækun með aldri er talin byggjast á því að ónæmiskerfi líkamans nái hjá langflestum að útrýma veirunni áður en hún nær fótfestu í líkamanum. Hjá þeim konum þar sem ekki tekst að útrýma veirunni tengist hún við gen fruma í leghálsi, leggöngum og burðarbörmum og getur orsakað krabbamein í þessum líffærum. Veiran veldur fyrst forstigsbreyt-

ingum og nær frumustrok frá leghálsi í velflestum tilfellum að greina þær áður en þær þróast í krabbamein. Í leghálsi eru breytingarnar aðallega neðst í hálsinum og er unnt að fjarlægja þær með minni háttar aðgerð, svonefndum keiluskurði. Hefur hann engin áhrif á möguleika konunnar til að verða síðar barnshafandi. Öðru máli gegnir um klamydíusýkingu sem getur valdið ófrjósemi ef konan fær ekki viðeigandi meðferð.

Margir stofnar

Stofnar HPV eru fjölmargir og er áætlað að undirtegunDIR séu yfir 100 talsins. Milli 20 og 30 þekktar undirtegunDIR orsaka breytingar í kynfærum kvenna. Um 15 þeirra eru tengdar leghálskrabbameini og aðrar valda hvimleiðum vörtum (kondylom) á kynfærum karla og kvenna. Það að veirur valdi þessum sjúkdómum hefur opnað nýjar leiðir til að finna þær konur sem eru í raunverulegri áhættu að fá leghálskrabbamein. Hátt sýkingarhlutfall HPV meðal yngri kvenna skapar þó vandamál, þar sem þessi próf geta ekki aðgreint þær konur sérstaklega sem eiga eftir að þróa forstigsbreytingar og síðar krabbamein. Þessi próf munu hinsvegar gagnast vel hjá eldri konum þar sem sýkingarhlutfall er lágt.

Framtíðin

Til framtíðar litið má telja að leghálskrabbameinsleitIN geti farið í eftirfarandi farveg: Leghálsstrokið mun halda mikilvægi sínu. Notkun HPV-prófa munu létta eftirlit með þeim konum sem hafa endurteknar vægar og óljósar frumubreytingar og auðvelda eftirlit með konum eftir keiluskurð. Unnt væri að nýta HPV-prófið til að sannreyna hvort kona um fertugt, sem hefur eðlileg fyrri frumustrok, sé laus við HPV-smit. Kona, sem á þeim aldri hefur bæði prófin eðlileg, þarf þá ekki að mæta á ný til leitar fyrr en eftir 4-5 ár, og gæti jafnvel hætt að koma eftir 60 ára aldri, svo fremi að ekki yrði breyting á kynlífshegðan.

Bólusetning gegn HPV

Þar sem þessi veira veldur leghálskrabbameini er mögulegt að finna bóluefni gegn henni. Margar tegundir veirunnar gera þetta þó flóknara, þar eð bóluefni gegn einni undirtegunD virðist ekki duga á aðra. Verið er að þróa bóluefni sem lofar góðu og hófust lokarannsóknir með það bóluefni á öllum Norðurlöndunum á árinu 2002. Hér á landi eru þessar rannsóknir á vegum landlæknis, sóttvarnalæknis og Krabbameinsfélagsins.

Pátttaka yngri kvenna

Sú staðreynd að tíðni HPV-veirunnar fer hækkandi meðal yngri kvenna staðfestir mikilvægi þess að þær mæti reglulega í krabbameinsleit svo unnt sé að greina forstígg sjúkdómsins og meðhöndla hann áður en krabbamein myndast. Rannsóknir hér á landi hafa staðfest að meðal yngri kvenna virðist ferill sjúkdómsins stundum vera svo hraður að krabbamein á byrjunarstigi geta greinst með frumstroki áður en þrjú ár eru liðin frá síðasta eðlilega frumstroki. Það er því áhyggjuefni að á síðustu árum hefur aðsókn yngri kvenna minnkað og er nú lægst í yngsta aldursþópnum, 20-24 ára. Ástæðan er vafalaust að yngri konur gera sér ekki grein fyrir mikilvægi leitarinnar og mæta hvorki til leitar hjá heilsugæslulækni, kvensjúkdómalækni né á Leitarstöð Krabbameinsfélagsins við Skógarhlíð í Reykjavík.

Forvarnir mikilvægar

Hækkandi tíðni forstíggbreytinga og minnkandi aðsókn yngri kvenna er áhyggjuefni sem gefur tilefni til aukinnar fræðslu og upplýsinga til þeirra um orsakir sjúkdóma og mikilvægi forvarna. Má þar nefna tóbaksvarnir og fræðslu um heilbrigða lífshætti svo sem heilbriggt kynlíf, líkamsrækt og rétt fæðuval. Hlutverk þessa bæklinga er að upplýsa konur um orsakir leghálskrabbameins, mikilvægi leghálskrabbameinsleitar og þá þróunarvinnu sem þar er framundan við þróun nýrra veiruprófa og rannsóknir með bóluefni gegn HPV.

Fræðslurit Krabbameinsfélagsins
Október 2003

Höfundur: Kristján Sigurðsson yfirlæknir
á Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands

Útgefandi: Krabbameinsfélag Reykjavíkur,
fyrir hönd krabbameinssamtakanna

Prentun: Svansprent

**Pantaðu tíma þegar þú færð bréf frá Leitarstöðinni.
Síminn er 540 1919**



Krabbameinsfélagið

Skógarhlíð 8, Reykjavík. Sími 540 1900. www.krabb.is